

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 28. stjórnarfundar, haldinn 7. maí, 2024 í Borgartúni 26, kl. 12:15-14:45.

Mætt voru: Óskar Jósefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Aron Kári Ágústsson og Dagný Lísa Davíðsdóttir sátu fundinn undið liðum 1-3 og 5.

Þórólfur Jónsson sat fundinn lið 4.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerð 27. fundar samþykkt.

2. Brunabótamat eigna í Grindavík

Framkvæmdastjóri sagði frá fundi sem félagið átti með HMS þar sem stofnunin upplýsti um afgreiðslu á hækjun brunabótamats í málum þar sem hækjunin var á bilinu 30-50% eða um var að ræða tölverða fjölgun fermetra.

3. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á 16 fasteignum í Grindavík. Um er að ræða eignir þar sem brunabótamat hafði hækkað á bilinu 30-50% nýlega. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

4. Lagaleg álitamál

Á fundinum voru nokkur lagaleg álitaefni rædd.

5. Tillaga framkvæmdastjóra um kaup fasteigna

Á fundinum voru kynntar tillögur framkvæmdastjóra um kaup á þremur fasteignum í Grindavík. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að svo væri í öllum tilvikum. Í tveimur tilvikum var samþykkið gert með þeim fyrirvara að staðfesting fengist frá byggingarfulltrúa um að húsin væru fullgerð. Afgreiðsla stjórnar var skráð í vinnuskjal stjórnar.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögur um kaup á þremur íbúðarhúsum í eigu dánarbúa. Á fundinum var lagt mat á hvort skilyrði laga um kaupin væru uppfyllt og leiddi skoðun í ljós að ekkert væri við húsin að athuga en framkvæmdastjóra var falið að ganga úr skugga um að skilyrði laga nr. 16/2024 varðandi kaup á húsum í eigu dánarbúa væru uppfyllt.

6. Önnur mál

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 14:45.

Óskar Jósefsson
Guðrún Þorleifsdóttir
Aron Kári Ágústsson